



2024

LEIÐBEINANDI TILMÆLI

UM INNIHALD EINFALDRA ENDURBÓTAÁÆTLANA



LEIÐBEINANDI TILMÆLI

um innihald einfaldra endurbótaáætlana

Gefin út á grundvelli 2. mgr. 8. gr. laga nr. 87/1998,
um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi.

Nr. 1/2024

Efnisyfirlit

Inngangur	4
1 Gildissvið, skilgreiningar og gildistaka	5
2 Lánastofnanir og verðbréfafyrirtæki sem fá heimild til að gera einfalda endurbótaáætlun	6
3 Útfærsla á innihaldi einfaldrar endurbótaáætlana	7
4 Innihald einfaldrar endurbótaáætlana	8
4.1. Samantekt upplýsinga sem fram skulu koma í einföldum endurbótaáætlunum	8
4.2. Samantekt á lykilmáttum einfaldrar endurbótaáætlunar	9
4.3. Stjórnarhættir	9
4.4. Stefnumiðuð greining	9
4.5. Lýsing á einingum sem falla undir endurbótaáætlunina	10
4.6. Endurbótavalkostir	10
4.7. Aðgerðir, fyrirkomulag og ráðstafanir endurbótavalkosta	10
4.8. Mat á áhrifum	11
4.9. Hagkvæmnismat	11
4.10. Samfella í starfsemi	11
4.11. Áætlun um samskipti og upplýsingagjöf	12
4.12. Undirbúningsráðstafanir	12
5 Samþykki, skil og mat á einföldum endurbótaáætlunum	13

Inngangur

Samkvæmt 82. gr. e laga nr. 161/2002, um fjármálafyrirtæki, ákveður fjármálaeftirlit Seðlabanka Íslands (fjármálaeftirlitið) hvort lánastofnun eða verðbréfafyrirtæki sé heimilt að gera einfalda endurbótaáætlun. Í þessum tilmælum hafa ákvæði framseldrar reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/1075, sbr. reglur nr. 666/2021, um gildistöku reglugerða Evrópusambandsins varðandi tæknilega staðla um skilameðferð og endurbótaáætlanir lánastofnana og verðbréfafyrirtæki, og 2. gr. reglugerðar nr. 780/2021, um upplýsingar í endurbótaáætlunum, upplýsingaöflun vegna skilaáætlana og mat á skilabærni lánastofnana og verðbréfafyrirtækja, verið útfærð til að skýra hvaða skyldur hvíla á lánastofnunum og verðbréfafyrirtækjum sem fá heimild til að gera einfalda endurbótaáætlun.

Við gerð einfaldra endurbótaáætlana er lánastofnunum og verðbréfafyrirtækjum heimilt að taka mið af hlutfallsreglunni (e. principle of proportionality) og laga kröfur samkvæmt þessum tilmælum að starfsemi sinni. Einföld endurbótaáætlun ætti því að endurspeгла og taka mið af þáttum eins og stærð hlutaðeigandi fjármálafyrirtækis, eðli og umfangi rekstrar þess og því hversu margþætt starfsemin er.

1

Gildissvið, skilgreiningar og gildistaka

1. Þessi leiðbeinandi tilmæli taka til lánastofnana og verðbréfafyrirtækja sem fjármálaeftirlitið hefur ákveðið að sé heimilt að gera einfalda endurbótaáætlun, sbr. fyrri málsl. 1. mgr. 82. gr. e laga nr. 161/2002, um fjármálafyrirtæki.
2. Með hugtakinu *verðbréfafyrirtæki* í þessum tilmælum er einungis átt við verðbréfafyrirtæki sem skylt er að viðhalda eiginfjárgrunni að fjárhæð 730 þúsund evra (EUR) í íslenskum krónum, til samræmis við 2. mgr. 14. gr. a laga um fjármálafyrirtæki. Önnur hugtök í þessum tilmælum hafa sömu merkingu og í lögum um fjármálafyrirtæki og stjórnvaldsfyrirmælum settum með stoð í þeim.
3. Leiðbeinandi tilmæli þessi, sem gefin eru út á grundvelli 2. mgr. 8. gr. laga nr. 87/1998, opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi, taka gildi þegar í stað. Á sama tíma falla úr gildi leiðbeinandi tilmæli nr. 2/2020, um sama efni.

2

Lánastofnanir og verðbréfafyrirtæki sem fá heimild til að gera einfalda endurbótaáætlun

4. Í síðari málsl. 1. mgr. 82. gr. e laga um fjármálafyrirtæki segir að fjármálaeftirlitið ákveði hvort lánastofnunum og verðbréfafyrirtækjum sé heimilt að gera einfalda endurbótaáætlun. Við mat á því hvort heimilt er að gera einfalda endurbótaáætlun lítur fjármálaeftirlitið til þess hvort rekstrarerfiðleikar eða slitameðferð slíkra fjármálafyrirtækja muni hafa í för með sér verulega neikvæð áhrif á hagkerfið, fjármálakerfið, miðlun fjármagns innan fjármálakerfisins eða aðrar lánastofnanir og verðbréfafyrirtæki.
5. Við mat á því hvort lánastofnunum og verðbréfafyrirtækjum sé heimilt að gera einfalda endurbótaáætlun tekur fjármálaeftirlitið, í samræmi við 3. mgr. 82. gr. e laga um fjármálafyrirtæki, mið af ákvæðum framseldrar reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/348, sbr. reglur nr. 666/2021.
6. Fjármálaeftirlitið mun, líkt og gert er ráð fyrir í þeim viðmiðum sem fjallað er um í 4. og 5. tölul., framkvæma mat á þessum undanþágum reglulega og eigi sjaldnar en á tveggja ára fresti. Samkvæmt 2. mgr. 82. gr. e laga um fjármálafyrirtæki getur fjármálaeftirlitið hvenær sem er fallið frá ákvörðun sinni um gerð einfaldrar endurbótaáætlunar.¹

1. Við útgáfu eldri leiðbeinandi tilmæla nr. 2/2020, um sama efni, fengu allar lánastofnanir og öll verðbréfafyrirtæki sem fullnægðu þar til greindum viðmiðum heimild til að gera einfalda endurbótaáætlun. Við útgáfu tilmælanna var um að ræða öll slík fjármálafyrirtæki, önnur en viðskiptabanka.

3

Útfærsla á innihaldi einfaldra endurbótaáætlana

7. Við mat á því hvert innihald einfaldra endurbótaáætlana eigi að vera styðst fjármálaeftirlitið við skyldur varðandi endurbótaáætlanir samkvæmt framseldri reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/1075, sbr. reglur nr. 666/2021, og reglugerð nr. 780/2021. Ákvæði um innihald einfaldra endurbótaáætlana taka mið af því að starfsemi fyrirtækja sem heimild hafa til að gera slíka áætlun, sbr. kafla 2, er einfaldari en gengið er út frá í reglugerðunum.
8. Ákvæði II. þáttar I. kafla framseldrar reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/1075, sbr. reglur nr. 666/2021, og 2. gr. reglugerðar nr. 780/2021 gilda um einfalda endurbótaáætlun með þeirri útfærslu sem kveðið er á um í kafla 4.

4

Innihald einfaldra endurbótaáætlana

4.1. Samantekt upplýsinga sem fram skulu koma í einföldum endurbótaáætlunum

9. Einföld endurbótaáætlun skal innihalda eftirfarandi upplýsingar:
 - a. Samantekt lykilþátta áætlunarinnar, sbr. kafla 4.2, og samantekt yfir heildargetu til endurbóta,
 - b. samantekt yfir mikilvægar breytingar á lánastofnuninni eða verðbréfafyrirtækinu frá því síðasta endurbótaáætlun var lögð fram,
 - c. áætlun um samskipti og upplýsingagjöf, sbr. kafla 4.11, þar sem m.a. er gerð grein fyrir því með hvaða hætti fyrirtækið hyggst bregðast við hugsanlegum neikvæðum viðbrögðum á markaði,
 - d. stefnumiðaða greiningu, sbr. kafla 4.4 – 4.10, og umfang þeirra fjármögnunar- og lausafjáraðgerða sem grípa þarf til til að viðhalda eða endurreisa rekstrarhæfi og fjárhagsstöðu lánastofnunarinnar eða verðbréfafyrirtækisins,
 - e. áætlaðar tímasetningar fyrir framkvæmd á sérhverjum efnislegum þætti áætlunarinnar,
 - f. lýsingu á verulegum hindrunum á árangursríkri og tímanlegri framkvæmd áætlunarinnar, þ.m.t. tillit til áhrifa á aðra í samstæðunni, viðskiptavini og mótaðila,
 - g. tilgreiningu á nauðsynlegri starfsemi,
 - h. lýsingu á verklagi við ákvörðun á virði og markaðshæfi kjarnastarfssviða, annarrar starfsemi og eigna lánastofnunarinnar eða upplýsingar um stjórnarhætti, sbr. kafla 4.3, og lýsingu á því hvernig gerð endurbótaáætlunarinnar er samþætt við stjórnarhætti lánastofnunarinnar eða verðbréfafyrirtækisins auk stefnu og málsmeðferðar fyrir samþykki endurbótaáætlunarinnar og tilgreiningu á þeim aðilum sem bera ábyrgð á gerð og framkvæmd áætlunarinnar,
 - i. ráðstafanir til að varðveita eða endurreisa eiginfjárgrunn lánastofnunarinnar eða verðbréfafyrirtækisins,
 - j. ráðstafanir til að tryggja að lánastofnunin eða verðbréfafyrirtækið hafi nægilegan aðgang að viðbragðs-fjármögnunarleiðum,² þ.m.t. mögulegum leiðum til að afla lauss fjár, mati á tiltækum veðum og mati á möguleikanum til að færa til laust fé milli aðila samstæðunnar og starfssviða, til að tryggja að lánastofnunin eða verðbréfafyrirtækið geti haldið áfram starfsemi sinni og staðið við skuldbindingar sínar þegar þær falla í gjalddaga,
 - k. ráðstafanir til að draga úr áhættu og skuldsetningu,
 - l. ráðstafanir til að endurskipuleggja skuldbindingar,
 - m. ráðstafanir til að endurskipuleggja starfssvið,
 - n. ráðstafanir sem eru nauðsynlegar til að viðhalda stöðugum aðgangi að innviðum fjármálamarkaða,
 - o. ráðstafanir sem eru nauðsynlegar til að viðhalda stöðugri virkni rekstrarferla lánastofnunarinnar eða verðbréfafyrirtækisins, þ.m.t. innviðum og tölvuþjónustu,
 - p. undirbúningsfyrirkomulag til að auðvelda sölu eigna eða starfssviða innan viðeigandi tímaramma til að endurheimta trausta fjárhagsstöðu,

2. Í framseldri reglugerð (ESB) 2016/1075 er notast við hugtakið *neyðarfjármögnunarleið*.

- q. aðrar aðgerðir eða áætlanir til að endurheimta trausta fjárhagsstöðu og fyrirhuguð fjárhagsleg áhrif þeirra aðgerða eða áætlana,
- r. undirbúningsráðstafanir sem lánastofnunin eða verðbréfafyrirtækið hefur gripið til eða fyrirhugar að grípa til, til að auðvelda framkvæmd endurbótaáætlunarinnar, sbr. kafla 4.12, þ.m.t. þær sem eru nauðsynlegar til að gera tímanlega endurfjármögnun lánastofnunarinnar eða verðbréfafyrirtækisins mögulega, og
- s. umgjörð yfir vísa sem gefa til kynna á hvaða stigi grípa megi til viðeigandi aðgerða sem um getur í áætluninni.³

4.2. Samantekt á lykilþáttum einfaldrar endurbótaáætlunar

- 10. Samantekt á lykilþáttum endurbótaáætlunarinnar skal fela í sér umfjöllun um eftirfarandi atriði:
 - a. upplýsingar um stjórnarhætti í endurbótaáætlun,
 - b. heildargetu til endurbóta,⁴
 - c. verulegar breytingar á lánastofnuninni eða verðbréfafyrirtækinu, samstæðunni eða endurbótaáætluninni frá því að fyrri útgáfa af endurbótaáætluninni var lögð fram til fjármálaeftirlitsins,
 - d. áætlun um samskipti og upplýsingagjöf í endurbótaáætluninni, og
 - e. undirbúningsráðstafanirnar sem koma fram í endurbótaáætluninni.
- 11. Með verulegum breytingum er átt við breytingar sem gætu haft áhrif á getu lánastofnunarinnar eða verðbréfafyrirtækisins eða móðurfélagi á Evrópska efnahagssvæðinu (EES) eða eins eða fleiri dótturfyrirtækja þess til að framkvæma endurbótaáætlunina eða framkvæma einn eða fleiri endurbótavalkost í endurbótaáætluninni.

4.3. Stjórnarhættir

- 12. Í upplýsingum um stjórnarhætti skal a.m.k. koma fram lýsing á eftirfarandi atriðum: Skilyrðum og ferlum sem eru nauðsynleg til tryggja tímanlega framkvæmd á endurbótavalkostum, þ.m.t. eftirfarandi:
 - a. lýsing á innra ferli um hækkun viðbúnaðarstigs og aðgerða- og ákvarðanatökufarli sem á við þegar vísam hefur verið náð til að athuga og ákvarða hvaða endurbótavalkostum gæti þurft að beita til að bregðast við fjárhagslegum álagsaðstæðum sem hafa raungerst, þ.m.t. að minnsta kosti:
 - 1. hlutverk og starfssvið aðila sem taka þátt í þessu ferli, þ.m.t. lýsing á ábyrgðarhlutverkum þeirra eða, ef nefnd er hluti af þessu ferli, hlutverk, ábyrgðhlutverk og starfssvið nefndarmanna,
 - 2. lýsingu á verklagi sem þarf að fylgja,
 - 3. tímamörk fyrir ákvörðunina um hvort grípa eigi til endurbótavalkosta og hvenær og hvernig viðeigandi lögbærum yfirvöldum verður tilkynnt um að vísam hafi verið náð,
 - b. lýsing á vísam sem endurspeglar hugsanlegar veilir, veikleika eða ógnir við a.m.k. eiginfjárstöðu, lausafjárstöðu, arðsemi og áhættusnið einingarinnar eða eininganna sem falla undir endurbótaáætlunina.

4.4. Stefnumiðuð greining

- 13. Í stefnumiðuðri greiningu skal greina kjarnastarfssvið og nauðsynlega starfsemi og setja fram lykilþætti í að viðhalda þessum kjarnastarfssviðum og nauðsynlegri starfsemi við fjárhagslegar álagsaðstæður. Í stefnumiðuðri greiningu skulu a.m.k. eftirfarandi undirþættir koma fram:
 - a. lýsing á einingunni eða einingunum sem falla undir endurbótaáætlunina, eins og sett er fram í kafla 4.5, og
 - b. lýsing á endurbótavalkostum, eins og sett er fram í köflum 4.6-4.10.

3. Sjá nánar viðmiðunarreglur EBA um vísa í endurbótaáætlunum (e. recovery plan indicators) (EBA/GL/2021/11).

4. Sjá nánar viðmiðunarreglur EBA um heildargetu til endurbóta (e. overall recovery capacity) (EBA/GL/2023/06).

4.5. Lýsing á einingum sem falla undir endurbótaáætlunina

14. Undirþáttur stefnumiðaðrar greiningar sem lýsir einingunni eða einingunum sem falla undir endurbótaáætlunina skal innihalda eftirfarandi upplýsingar:
 - a. Almenna lýsingu á einingunni eða einingunum sem falla undir endurbótaáætlunina, þ.m.t.:
 1. lýsingu á heildarstefnu og heildaráhættustefnu þeirra, og
 2. viðskiptalíkan og viðskiptaáætlun þeirra, skrá yfir helstu lögsagnarumdæmin þar sem þær starfa,
 - b. lýsingu á lagalegu og fjárhagslegu stjórnskipulagi einingarinnar eða eininganna sem falla undir áætlunina, þ.m.t. skýringum á innbyrðis tengslum innan samstæðu, einkum lýsingu á eftirfarandi:
 1. öllum fyrirliggjandi, verulegum áhættuskuldbindingum innan samstæðu og fjármögnunartengslum, fjármagnsstreymi innan einingarinnar eða eininganna sem falla undir endurbótaáætlunina, ábyrgðum
 2. innan samstæðu sem eru fyrir hendi og ábyrgðum innan samstæðu sem ætlað er að verði fyrir hendi þegar þörf er á endurbótaaðgerð,
 3. lagalegum innbyrðis tengslum sem skulu ná yfir mikilvæga lagalega bindandi samninga milli eininga í samstæðu, þ.m.t. tilvist samninga um ráðandi áhrif og samninga um yfirfærslu hagnaðar og taps,
 4. innbyrðis rekstartengsl sem varðar starfsemi sem er miðlæg hjá einum lögaðila eða útibúi og er mikilvæg fyrir starfsemi annarra lögaðila, útibúa eða samstæðunnar, einkum miðlæga starfsemi á sviði upplýsingatækni, fjárfstýringar, áhættustýringar eða við almenna stjórnun, og
 5. öllum gildandi samningum um fjárstuðning innan samstæðu sem gengið er frá í samræmi við 109. gr. o laga um fjármálafyrirtæki, þ.m.t. samningsaðilum, formi fjárstuðnings og skilyrðum sem tengd eru ákvæðum fjárstuðningsins,
 - c. lýsingu á ytri tengslum sem felur a.m.k. í sér:
 1. mikilvægar áhættuskuldbindingar og skuldbindingar við helstu mótaðila, og
 2. mikilvæga þjónustu sem þriðju aðilar veita einingunni eða einingunum sem falla undir endurbótaáætlunina.

4.6. Endurbótavalkostir

15. Undirþátturinn um endurbótavalkosti skal innihalda skrá yfir alla endurbótavalkosti og lýsingu á hverjum valkosti, eins og kemur fram í köflum 4.7-4.10.
16. Í undirþættinum um endurbótavalkosti skulu koma fram ýmsir endurbótavalkostir sem ætlað er að mæta fjárhagslegum álagssviðsmyndum og raunhæft er að ætla að gætu átt þátt í að viðhalda og endurreisa rekstrarhæfi og fjárhagsstöðu einingarinnar eða eininganna sem endurbótaáætlunin tekur til.⁵
17. Lýsa skal hverjum endurbótavalkosti þannig að fjármálaeftirlitið geti metið áhrif hans og raunhæfni.
18. Í endurbótavalkostum skulu felast ráðstafanir sem eru óvenjulegar í eðli sínu og einnig ráðstafanir sem mætti grípa til í hefðbundnum viðskiptum einingarinnar eða eininganna sem endurbótaáætlunin tekur til.
19. Ekki skal útiloka endurbótavalkosti af þeirri ástæðu einni að þeir myndu útheimta breytingar á núverandi eðli viðskipta þeirrar einingar eða þeirra eininga.

4.7. Aðgerðir, fyrirkomulag og ráðstafanir endurbótavalkosta

20. Í hverjum endurbótavalkosti skal a.m.k. eftirfarandi tilgreint:
 - a. Umfang þeirra fjármögnunar- og lausafjáraðgerða sem grípa þarf til í því skyni að viðhalda eða endurreisa rekstrarhæfi og fjárhagsstöðu einingarinnar eða eininganna sem falla undir endurbótaáætlunina og hafa það helsta markmið að tryggja rekstrarhæfi nauðsynlegrar starfsemi og kjarnastarfssviða,

5. Sjá nánar í viðmiðunarreglum EBA um þær sviðsmyndir sem þarf að notast við við gerð endurbótaáætlana (e. recovery plan scenarios) (EBA/GL/2014/06).

- b. fyrirkomulag og ráðstafanir sem hafa það helsta markmið að vernda eða endurreisa eiginfjárgrunn lánastofnunarinnar eða verðbréfafyrirtækisins eða samstæðunnar með ytri endurfjármögnun og innri ráðstöfunum til að bæta eiginfjárstöðu einingarinnar eða eininganna sem endurbótaáætlunin tekur til,
 - c. fyrirkomulag og ráðstafanir til að tryggja að einingin eða einingarnar sem endurbótaáætlunin tekur til hafi fullnægjandi aðgang að viðbragðsfjármögnunarleiðum til að tryggja að þær geti haldið áfram starfsemi sinni og staðið við skuldbindingar sínar þegar þær koma til greiðslu. Að því er varðar þennan lið skulu ráðstafanirnar fela í sér ytri ráðstafanir og, eftir því sem við á, ráðstafanir sem miða að því að endurskipuleggja tiltækt laust fé innan samstæðunnar. Í viðbragðsfjármögnunarleiðum skulu felast mögulegar leiðir til að afla lauss fjár, mat á tiltækum tryggingum og mat á því hvort mögulegt sé að yfirfæra laust fé þvert á einingar í samstæðu og starfssvið,
 - d. fyrirkomulag og ráðstafanir til að draga úr áhættu og skuldsetningu eða til að endurskipuleggja starfssvið, þ.m.t., eftir því sem við á, greining á hugsanlegri sölu eigna, lögaðila eða starfssviða, og
 - e. fyrirkomulag og ráðstafanir sem hafa það helsta markmið að ná endurskipulagningu skuldbindinga, af frjálsum vilja, án þess að það valdi vanefndum, uppsögn, lækkun eða öðru svipuðu.
21. Þegar endurbótavalkostur felur ekki í sér aðgerðir, fyrirkomulag eða ráðstafanir sem fjallað er um í 20. tölul. skal skjalfesta með formlegum hætti í undirþætti um endurbótavalkosti að lánastofnunin verðbréfafyrirtækið, móðurfélagi á EES eða dótturfélagið, sem samdi og lagði fram áætlunina, hafi íhugað þessar aðgerðir, tilhögun eða ráðstafanir með fullnægjandi hætti.

4.8. Mat á áhrifum

22. Í hverjum endurbótavalkosti skal felast mat á áhrifum, einkum lýsing á ferlum til að ákvarða verðgildi og markaðshæfi kjarnastarfssviða, annarrar starfsemi og eigna einingarinnar eða eininganna sem endurbótavalkosturinn snýr að og a.m.k. fjárhags- og rekstrarlegt mat á áhrifum þar sem sett eru fram áætluð áhrif á gjaldfærni, lausafjástöðu, fjármögnunarstöður, arðsemi og rekstur einingarinnar eða eininganna sem falla undir endurbótaáætlunina. Þegar við á skal matið tilgreina á skýran hátt mismunandi einingar samstæðunnar sem geta orðið fyrir áhrifum af valkostinum eða tekið þátt í framkvæmd hans.

4.9. Hagkvæmnismat

23. Í hverjum endurbótavalkosti skal felast hagkvæmnismat sem skal a.m.k. innihalda:
- a. mat á áhættunni sem tengist endurbótavalkostinum, byggt á reynslunni af því að framkvæma endurbótavalkostinn eða jafngildar ráðstafanir,
 - b. greiningu og lýsingu á verulegum annmörkum sem eru á skilvirkri og tímanlegri framkvæmd áætlunarinnar og lýsingu á því hvort og hvernig hægt sé að yfirstíga slíka annmarka,
 - c. greiningu, eftir atvikum, á hugsanlegum annmörkum á skilvirkri framkvæmd endurbótavalkostsins sem leiðir af skipulagi samstæðunnar eða ráðstafana innan samstæðu, þ.m.t. hvort fyrir hendi séu umtalsverðar aðgerðatengdar eða lagalegar hömlur á skjótri yfirfærslu eigin fjár eða endurgreiðslu skulda eða eigna innan samstæðunnar, og
 - d. lausnir á hugsanlegum annmörkum sem tilgreindir eru í b- og c-lið.
24. Að því er varðar 23. tölul. skulu verulegir annmarkar teljast vera þættir sem gætu hugsanlega haft neikvæð áhrif á tímanlega framkvæmd endurbótavalkostarins, þ.m.t. einkum lagalega, rekstrarlega, viðskiptalega og fjárhagslega áhættu og orðsporsáhættu á borð við hættu á lækkun lánshæfismats.

4.10. Samfella í starfsemi

25. Hver endurbótavalkostur skal innihalda mat á því hvernig tryggja eigi samfellu í starfsemi við framkvæmd þess valkostar.

26. Í þessu mati skal felast greining á innri starfsemi, t.d. upplýsingatæknikerfum, birgjum, mannauði, aðgengi einingarinnar eða eininganna sem falla undir endurbótaáætlunina að innviðum markaðar, t.d. greiðslujöfnunar-, uppgjörs- og greiðslukerfi. Einkum skal hafa eftirfarandi til hliðsjónar við mat á viðbragðsáætlunum:
- fyrirkomulag og ráðstafanir sem eru nauðsynlegar til að viðhalda samfelldu aðgengi að viðeigandi innviðum fjármálamarkaða,
 - fyrirkomulag og ráðstafanir sem eru nauðsynlegar til að viðhalda samfelldri virkni rekstrar einingarinnar eða eininganna sem falla undir endurbótaáætlunina, þ.m.t. innviðir og upplýsingatækniþjónusta,
 - áætlaðan tímaramma fyrir framkvæmd og skilvirkni endurbótavalkostarins, og
 - skilvirkni endurbótavalkostarins og hversu fullnægjandi vísarnir eru við ólíkar fjárhagslegar álags- sviðsmyndir sem meta áhrif sérhverra þessara aðstæðna á eininguna eða einingarnar sem falla undir endurbótaáætlunina, einkum á fjármagn þeirra, lausafjárstöðu, arðsemi, áhættusnið og starfsemi.⁶
27. Með mati þessu skal skilgreina þann endurbótavalkost sem væri viðeigandi við sértæka sviðsmynd, hugsanleg áhrif endurbótavalkostarins, hagkvæmni hans, þ.m.t. hugsanlega annmarka á framkvæmd hans, og tímarammann sem þörf er á við framkvæmd hans. Á grundvelli þessara upplýsinga skal matið lýsa heildargetu til endurbóta⁷ einingarinnar eða eininganna, sem falla undir endurbótaáætlunina, þ.e. að hvaða marki endurbótavalkostirnir gera kleift að endurreisa eininguna eða einingarnar við mismunandi sviðsmyndir með mjög alvarlegan þjóhagslegan vanda og fjárhagslegt álag.

4.11. Áætlun um samskipti og upplýsingagjöf

28. Áætlunin um samskipti og upplýsingagjöf skal ná yfir eftirfarandi atriði:
- innri samskipti, einkum við starfsfólk, samstarfsráð á vinnustað eða aðra fulltrúa starfsfólks,
 - ytri samskipti, einkum við hluthafa og aðra fjárfesta, lögbær yfirvöld, mótaðila, fjármálamarkaði, innviði fjármálamarkaða, innstæðueigendur og almenning, eins og við á, og
 - skilvirkar tillögur til að hafa stjórn á hugsanlegum neikvæðum viðbrögðum markaðarins.
29. Í ætluninni skal huga að nauðsyn á sértækum samskiptaþörfum fyrir einstaka endurbótavalkosti.

4.12. Undirbúningsráðstafanir

30. Í endurbótaáætlun skal felast greining á undirbúningsráðstöfunum sem einingin eða einingarnar sem falla undir hana hafa gripið til eða sem eru nauðsynlegar til að greiða fyrir framkvæmd endurbótaáætlunarinnar eða bæta skilvirkni hennar ásamt tímalínu fyrir framkvæmd þessara ráðstafana.
31. Í slíkum undirbúningsráðstöfunum skulu felast nauðsynlegar ráðstafanir til að yfirstíga annmarka á skilvirkri framkvæmd endurbótavalkosta sem hafa verið skilgreindir í endurbótaáætluninni.

6. Sjá nánar viðmiðunarreglur EBA um sviðsmyndir í endurbótaáætlunum (e. recovery plan scenarios) (EBA/GL/2014/06).

7. Sjá nánar viðmiðunarreglur EBA um heildargetu til endurbóta við gerð endurbótaáætlana (e. overall recovery capacity) (EBA/GL/2023/06).

5

Samþykki, skil og mat á einföldum endurbótaáætlunum

32. Stjórn Lánastofnunar eða verðbréfafyrirtækis, sem heimilt er að gera einfalda endurbótaáætlun í samræmi við kafla 2, skal samþykka hana, og skila henni til fjármálaeftirlitsins í samræmi gildandi kröfur um reglubundin gagnaskil á hverjum tíma, sbr. 2. mgr. 82. gr. a laga um fjármálafyrirtæki.
33. Fjármálaeftirlitið leggur mat á einfalda endurbótaáætlun, sbr. 82. gr. b laga um fjármálafyrirtæki, og skal innan sex mánaða frá móttöku áætlunarinnar ljúka matinu og tilkynna hlutaðeigandi lánastofnun eða verðbréfafyrirtæki telji það verulega ágalla vera á áætluninni, sbr. 82. gr. c sömu laga.

Reykjavík, 10. júní 2024
SEÐLABANKI ÍSLANDS

Björk Sigurgísladóttir
varaseðlabankastjóri fjármálaeftirlits

Gísli S. Óttarsson
framkvæmdastjóri
varúðareftirlit